

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 9. maí 2019
UST201904-174
04.04**Efni:** Frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.

Vísað er til erindis dagsettu 12. apríl 2019 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Stofnunin hefur áður gefið umsögn við drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun í gegnum samráðsgátt stjórnvalda. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir þjóðgarðar landsins, þ.e. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Vatnajökulþjóðgarður og þjóðgarðurinn á Þingvöllum sameinist í eina stofnun, sem og önnur friðlýst svæði á Íslandi. Jafnframt verði undirbúningur friðlýsinga, eftirlit á friðlýstum svæðum og stjórnun þeirra meðal verkefna hinnar nýju stofnunar.

Þar sem frumvarpið varðar jafnframt starfsemi stofnunarinnar í heild taldi stofnunin mikilvægt að tryggja að allir starfsmenn stofnunarinnar hefðu tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum og er þau að finna í framangreindri umsögn til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Jafnframt voru vinnuhópar settir á laggirnar sem tóku á almennum þáttum sem snerta fjármál, mannauð og almennar athugasemdir við einstakar greinar. Tekið hefur verið tillit til nokkurra athugasemda í endurskoðuðu frumvarpi en að meginstefnu til standa fyrri athugasemdir. Verður hér gerð grein fyrir helstu athugasæmdum við frumvarpið.

Umhverfisstofnun hefur áður komið að vinnu vegna hugmynda um sameiningu eða uppskiptingu stofnunarinnar. Vert að minna á að Umhverfisstofnun varð til árið 2003 við sameiningu Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Veiðistjóraembættisins með það að markmiði að búa til öflugra stofnun á landsvísu sem sinnti náttúruverndar- og umhverfismálum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við mat á framkomnu frumvarpi sé horft til framtíðar. Lykilatriðið er að skilgreina í byrjun hvaða markmiðum og árangri eigi að ná í umhverfismálum í heild. Hvernig stofnunum þurfum við á að halda til að standa við innlendar sem alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfis- og náttúruverndarmálum.

Sé horft yfir svið umhverfismála á heimsvísu er almenn tilhneiging til þess að horfa á umhverfismál sem eina heild en ekki hólfaða niður eins og áður tíðkaðist. Á Norðurlöndunum hafa ýmsar breytingar verið gerðar á undanförunum árum varðandi uppbyggingu þeirra stofnana sem vinna að umhverfismálum. Í Noregi varð til ein stofnun Umhverfisstofnun Noregs, Miljødirektoratet, úr tveimur stofnunum þ.e. Direktoratet for naturforvaltning (sem sér um náttúruverndarmál, rekstur og stjórnsýslu friðlýstra svæða



og vatnamál) og Klima- og forurensingsdirektoratet (mengunarmál og loftslagsmál). Norska Umhverfisstofnunin hefur tvær höfuðstöðvar og er starfsfólk um 700 talsins. Í viðtali við norska umhverfissráðherrann sem leiddi sameininguna koma m.a. fram að meginröksemdin fyrir sameiningu hafi verið að aðskilnaður hefðbundinnar náttúruverndar og umhverfisverndar hafi verið gamaldags og ekki virkað miðað við þarfir í dag. Jafnframt að áskoranir í loftslagsmálum krefðust samhæfðra aðgerða.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að sameina rekstur og umsjón þjóðgarða og friðlýstra svæða undir einni stofnun. Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 24. mars 2009, þar sem fram kemur m.a. að stofnunin telji að starfsemi þjóðgarða og friðlýstra svæða eigi best heima á sérstöku sviði innan stofnunarinnar. Þannig nýtist fjármunirnir best, auk þess sem vísað er til áralangrar reynslu stofnunarinnar af rekstri þjóðgarðs og yfir 100 annarra friðlýstra svæða. Þá er dregin fram rík áhersla stofnunarinnar á markvissa samvinnu við heimamenn, ferðamálayfirvöld og hagsmunaaðila.

Út frá sjónarmiðum um að hámarka nýtingu fjármagns hins opinbera og tryggja öfluga fjárhagslega og faglega stjórn telur Umhverfisstofnun rökréttast að Vatnajökulsþjóðgarður, Þingvallabjóðgarður og Umhverfisstofnun sameinist. Þannig yrði starfsemi allra þjóðgarðanna vistuð á einum stað, með tilheyrandi hagkvæmni og skilvirkni, og öflug samlegð náttúruverndar við önnur svið umhverfismála tryggð.

Umhverfisstofnun hefur nú þegar styrka stoðþjónustu þ.e. með mannauðsstjóra, gæðastjóra, skjalastjóra o.s.frv. Stofnunin hefur víðtæka og langa reynslu af umsjón, þ.m.t. uppbyggingu innviða og landvörslu, og eftirliti með einum af þremur þjóðgörðum landsins, ásamt öllum öðrum friðlýstum svæðum á Íslandi (fyrir utan hina þjóðgarðana tvo). Þá hefur Umhverfisstofnun mikla reynslu í að halda þéttu og góðu samráði við hina ýmsu hagaðila sem tengjast starfsemi hennar, s.s. sveitarfélög. Jafnframt má minna á að áður en Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður árið 2007 með samruna Skaftafellsþjóðgarðs og Jökulsárgljúfurs voru þeir tveir þjóðgarðar í umsjón Umhverfisstofnunar.

Með uppskiptingu Umhverfisstofnunar er verið að búa til tvær fremur litlar stofnanir. Það felur sjálfkrafa í sér að kjarnastarfsemi og stoðþjónusta beggja verður veikari en ef ein og sama stofnunin hefur verkefni beggja á sinni könnu. Stærri stofnanir eiga meiri möguleika en litlar á að skipuleggja þróttmikið starf og halda kostnaði niðri eða lækka hann. Þess vegna þarf að kanna hvort sameining í stærri stofnun gefi færi á að veita sömu þjónustu með minni kostnaði eða betri þjónustu fyrir sama kostnað.

Umhverfisstofnun er ung stofnun, aðeins 15 ára gömul. Á þessum tíma hefur hún þurft að takast á við nokkrar áskoranir í mannauðsmálum sem hafa haft áhrif á líðan starfsmanna og starfsanda innan stofnunarinnar, þ.e. við flutning starfa Rannsóknarstofu í matvælarannsóknnum til Matís, flutning verkefna matvælaeftirlits til Matvælastofnunar, flutning starfsmanna Þjóðgarðsins Skaftafelli og Jökulsárgljúfurs til Vatnajökulsþjóðgarðs auk verulegs samdráttar í rekstri árið 2014, þar sem níu störf voru lögð niður eða starfsfólki sagt upp eftir því sem við átti.

Umhverfisstofnun er vel í stakk búin til að takast á við breytingar sem snúa að stærri og öflugri stofnun og myndi taka slíkri áskorun fagnandi. Stofnunin býr nú þegar yfir skýrri starfsmannastefnu, jafnréttisáætlun, þjónustu- og gæðastefnu, fjölskyldustefnu og nú



nýlega stefnu um heilsueflingu og heilsueflandi stjórnun. Starfsfólk stofnunarinnar er þjálfað í að rýna og endurmeta reglulega allt starf, markmið og árangur og er vel fært um að gera það ef til sameiningar Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þingvallaspjóðgarðs kæmi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun:

1. Áhrif frumvarpsins á stjórnsýslu náttúruverndar og skyld verkefni

Með lögum nr. 90/2002 var stjórnsýslustarfsemi þeirra stofnanna umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem fóru með mengunarvarnir, hollustuhætti, náttúruvernd, dýravernd og stjórn á stofnstærð villtra dýra sameinuð með stofnun Umhverfisstofnunar. Í athugasemdum með lögum nr. 90/2002 sagði að ráðuneytið teldi mikilvægt að þeir þættir sem féllu undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóra og hreindýraráðs og þættir sem tengjast dýravernd verði sameinaðir í nýrri stofnun, Umhverfisstofnun. Markmiðið með sameiningu áður nefndra málaflokka undir eina stofnun væri fyrst og fremst að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi. Enn fremur var markmið sameiningarinnar að efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmni í rekstri. Með því ætti að vera auðveldara að ná fram þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett sér við framkvæmd umhverfismála.

Nú er lagt til að skipta upp verkefnum sem sameinuð voru árið 2003. Ekki liggur fyrir úttekt eða greining á því hverjir eru kostir og gallar á því að skipta starfsemi stofnunarinnar upp. Verði frumvarpið að lögum mun það hafa víðtæk áhrif á starfsemi Umhverfisstofnunar en gert er ráð fyrir að þrjú af 12 teyimum stofnunarinnar muni færast í nýja stofnun. Þannig munu tvö náttúruverndarteymi stofnunarinnar færast yfir í nýja stofnun sem og teymi friðlýsinga og áætlana. Jafnframt munu einstök verkefni í teymi starfsleyfa og umsagna færast yfir í hina nýju stofnun. Umsagnir um skipulagsáætlanir munu færast yfir til hinnar nýju stofnunar hvað varðar náttúruvernd. Hins vegar mun Umhverfisstofnun áfram veita umsagnir á grundvelli laga um umhverfismat áætlana og lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig þurfi ný Þjóðgarðastofnun og Umhverfisstofnun báðar að veita umsagnir við skipulagsáætlanir.

Við umsjón friðlýstra svæða hefur Umhverfisstofnun nýtt þá fagþekkingu sem er til staðar hjá stofnuninni. Þannig hafa ýmis teymi komið að leyfisveitingum og eftirliti á friðlýstum svæðum s.s. teymi mengunareftirlits, teymi hafs og vatns og teymi loftslags og loftgæða. Fjöldmörg dæmi eru um að teymi friðlýsinga og áætlana, sem sinnir leyfisveitingum innan friðlýstra svæða, hafi leitað til annarra teyma Umhverfisstofnunar vegna leyfisveitinga í samræmi við þau samlegðarmarkmið sem áður voru nefnd. Sem dæmi má nefna að oft er leitað til teymis hafs og vatns varðandi fráveitumál, efnateymis t.d. vegna notkunar efna við kvikmyndatökur innan friðlýstra svæða og teymi mengunareftirlits vegna þeirrar sérþekkingar sem þar er að finna, m.a. vegna eftirlits og leyfisveitinga. Sem dæmi má nefna var eftirlitsmaður frá teymi mengunareftirlits sendur í eftirlit vegna verkefnis í Surtsey þar sem flytja þurfti olíu í eyjuna. Einnig hefur teymi mengunareftirlits komið að umsögnum t.d. vegna sleppinga seiða í tjarnir inni á friðlöndum s.s. við Dalvík. Þá hafa eftirlitsmenn mengunareftirlits jafnframt farið í eftirlit með umfangsmiklum kvikmynda-

2. Stjórnkerfi

Með frumvarpinu er lagt til að umsjón, stjórnun og rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarða verði sameinuð undir einn hatt. Í greinargerð frumvarpsins segir um markmið og tilgang lagasetningarinnar að lögð sé áhersla á að ná fram **einföldun**.

Í frumvarpinu kemur fram að:

- 1 Lagt er til að sérákvæði verði um stjórnun hvers þjóðgarðs fyrir sig.
- 2 Lagt er til að **hver þjóðgarður** fyrir sig hafi sér skipaða stjórn sem m.a.
 - a. mótar stefnu í málefnum þjóðgarðsins
 - b. hafi eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að stjórnir þjóðgarðanna samræmi reglur, stefnumótun, eða framkvæmd einstakra mála eða viðfangsefna. Það eitt og sér gæti valdið ólíkri afgreiðslu erinda og óskýrri ákvarðanatöku og stjórnsýslu milli einstakra þjóðgarða og þá innan hinnar nýju stofnunar, eftir því sem við á. Sem dæmi má nefna að ef aðili sækir um leyfi vegna umfangsmikils kvikmyndaverkefnis sem nær til fleiri þjóðgarða og friðlýstra svæða, eins og algengt er, gæti hann þurft að hafa samband við marga mismunandi aðila hjá sömu stofnun og fengi mögulega mismunandi afgreiðslu erinda sinna. Í stað þess væri eðlilegt að stjórnsýslan væri sameiginleg og samræmd fyrir öll vernduð svæði

Í greinargerð er einnig lögð áhersla á **skilvirkni** og að allar einingar hafi **skýrt** hlutverk og ábyrgð.

Ákvarðanir:

Í frumvarpinu kemur fram að:

1. Stjórnir þjóðgarða bera hver um sig ábyrgð á **eftirliti** með framkvæmd reglna þjóðgarðsins sbr. 20. gr. frv.
2. Forstjóri Þjóðgarðastofnunar ber ábyrgð á að stofnunin starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sbr. 11. gr. Einnig kemur fram að þjóðgarðsverðir annist **eftirlit** á sínu svæði og samskipti við lögreglu og önnur eftirlitsstjórnvöld vegna brota á lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim sbr. 35. gr.
3. Gert er ráð fyrir að Þjóðgarðastofnun hafi **eftirlit með framkvæmdum** og að virt séu ákvæði laganna, reglugerðar um viðkomandi þjóðgarð ásamt stjórnunar- og verndaráætlun og þeim skilyrðum sem framkvæmdinni eru sett þar skv. 28. gr. frv. um stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun fær ekki betur séð en að í framangreindum ákvæðum felist talsverð skörun ábyrgðar milli stjórna einstakra þjóðgarða annars vegar og Þjóðgarðastofnunar hins vegar. Mögulegt er þó að með eftirliti stjórnar með reglum þjóðgarðs sé átt við önnur verkefni en eftirlitsverkefni og ákvarðanir Þjóðgarðastofnunar. Athugasemdir með viðkomandi ákvæðum skýra þetta ekki.

Ekki kemur t.d. fram hvort eða að hvaða leyti stjórnnum er falið að taka stjórnvaldsákvarðanir. Nauðsynlegt er að slík atriði séu skýr. Umhverfisstofnun gerir ráð

fyrir að stjórnir þjóðgarða geti einungis tekið ákvarðanir á fundum svipað og gildir um sveitarstjórnir. Meirihluti þeirra aðila sem tilnefna ber í stjórnir Vatnajökulspjóðgarðs og þjóðgarðsins Snæfellsjökuls skulu tilnefndir af sveitarfélögum. Ekki er útfært í frumvarpinu hversu oft, með hvaða hætti boða skuli fundi eða hvernig taka skuli ákvarðanir eins og gert er t.d. í III. kafla sveitarstjórnarlaga. Draga má þá ályktun að stjórnir þjóðgarðanna beri meginábyrgð á stjórnun þeirra. Nauðsynlegt er að tekin verði af öll tvímæli um þessi atriði. Þá er nauðsynlegt að kveðið verði á um samspil ákvarðana og meðferð ágreinings milli stjórna og ákvarðana Þjóðgarðastofnunar.

Í frumvarpinu er stjórnkerfið sett upp með sambærilegum hætti og núverandi stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgarðs. Í kynningarefni hefur komið fram að góð reynsla sé af umræddu stjórnkerfi. Umhverfisstofnun vill minna á nýlega skýrslu Capacent um Vatnajökulspjóðgarð frá maí 2018 þar sem gerð var úttekt á starfsemi þjóðgarðsins „m.t.t. þess hvernig ákvarðanir um fjárútlát hafa verið teknar og hvaða þættir í starfseminni kunna að valda því að rekstur hefur ekki verið í samræmi við fjárheimildir. Í þessu samhengi var meðal annars litið til skipulags og ákvarðanatöku.“ Ýmsar ályktanir voru dregnar og tillögur og ábendingar settar fram. Í skýrslu Capacent segir m.a. að óljóst hafi verið til hvers sé ætlast af aðilum innan stjórnkerfisins og hvar heimildir til athafna liggja, „þar sem margir aðilar koma að stjórnkerfinu þurfa valdsvið og valdheimildir hvers aðila að liggja skýrt fyrir“.

Það stjórnkerfi sem gert er ráð fyrir að Þjóðgarðastofnun starfi eftir er nokkuð flókið og varla til þess fallið að einfalda stjórnsýslu friðlýstra svæða frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir bæði umdæmisráðum og stjórnun þjóðgarða án þess að hlutverk þeirra, ábyrgðarsvið, valdheimildir o.s.frv. sé nægilega skilgreint. Nákvæm skilgreining á þessum þáttum er afar mikilvæg, bæði fyrir þá aðila sem eiga að tilnefna aðila í stjórnir og ráð, þá sem í þeim sitja og starfsmenn tilvonandi stofnunar.

3. Ábyrgð, fjármál og gagnagrunnar

Umhverfisstofnun telur brýnt að gert verði ítarlegt mat á faglegum og fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins í samræmi við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytis um sameiningu stofnana og tengdra breytinga (frá desember 2008). Minnt er á neðangreind rök í riti fjármála- og efnahagsráðuneytis fyrir sameiningu ríkisstofnana, þ.e. fyrir þeim ávinningi sem það hefur í för með sér að stofnanir séu stórar og öflugar.

Aðgreining starfa. Í fámennum stofnunum getur verið erfitt að aðgreina ólík störf sem þurfa að vera aðgreind svo þau njóti fulls trausts og öryggis sé gætt, s.s. störf bókara og gjaldkera eða við framkvæmd og eftirlit.

Bolmagn. Sameining eykur bolmagn vegna meiri sérhæfingar sem eykur fagmennsku. Það hækkar þekkingarstig þegar margir leggja saman krafta sína.

Breyttar aðstæður. Ytri aðstæður stofnana breytast hratt, þar á meðal þarfir í þjóðfélaginu og aðferðir við að koma til móts við þær.

Einföldun. Fækkun stofnana ætti að öllu jöfnu að einfalda stjórnsýsluna og auka skilvirkni.

Fámenni. Því er oft haldið fram að meirihluti íslenskra ríkisstofnana sé of fámennur til að ráða við verkefni sín.

Nýting. Sameining getur bæði leitt til betri nýtingar á mannafla og fjármagni, þar með talinni aðstöðu.

Samræming. Almennt er auðveldara að hafa góða sýn yfir tiltekna þjónustu og samræma hana innan einnar stofnunar en á milli nokkurra stofnana. Samræming bætir jafnræði borgaranna.

Stjórnunaraðferðir. Fámennar stofnanir geta átt erfitt með að tileinka sér vandaðar stjórnunaraðferðir sem hafa verið teknar upp hjá ríkinu á undanförunum árum, s.s. þær sem kenndar eru við gæðastjórnun, árangursstjórnun og mannauðsstjórnun.

Stöðug þjónusta. Stórar stofnanir hafa almennt betri forsendur til að veita fjölbreyttari og stöðugri þjónustu en fámennar stofnanir. Þær hafa meiri möguleika á að mæta sveiflum.

Áformað stjórnskipulag Þjóðgarðastofnunar er flókið og telur stofnunin að því geti fylgt áhætta fyrir fjármálalegan og faglegan rekstur hennar. Ef tryggja á markvissan, skilvirkan og öflugan rekstur, bæði fjárhagslega og faglega, verður ábyrgð og umboð að fara saman á skýran og afdráttarlausan hátt. Sé það ekki tryggt er mikil hætta á að enginn beri ábyrgð í raun eða hafi bolmagn til að fylgja ákvörðunum eftir. Til samanburðar má benda á lög um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, lög um Hafrannsóknarstofnun, rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatns og lög um Umhverfisstofnun þar sem ábyrgð um umboð forstjóra er skýrt. Jafnframt má benda á lög um opinber fjármál sem setja skýra ábyrgð á hendur forstöðumönnum stofnana en jafnframt umboð til að standa undir þeirri ábyrgð.

Rétt er að benda á skýrslu Ríkisendurskoðunar frá ágúst 2013 um rekstur og stjórnskipulag Vatnajökulsþjóðgarðs, þar segir m.a. að verkaskipting, ábyrgð og valdmörk milli stjórnar framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða séu óskýr en úttektin tengdist miklum uppsöfnuðum halla hjá þjóðgarðinum á þessum tíma. Í stjórnskipulagi Þjóðgarðastofnunar er ábyrgðarkeðjan margrofín, þ.e. ábyrgð og umboð fara ekki saman sem skapar áhættu varðandi stjórn og rekstur stofnunar.

Í riti fjármála- og efnahagsráðuneytis sem minnst er á hér að fram (frá desember 2008) segir

Það hefur verið ríkjandi viðhorf á síðustu árum að það efli stjórnun og stuðli að bættum árangri að forstöðumaður stofnunar hafi víðtækt umboð til að stjórna, meðal annars að móta stefnu, gera áætlanir og ákveða skipurit, stjórnunarferli og aðferðir ásamt því að ráða starfsfólk. Þetta er talið auka líkurnar á að ákvarðanir um þessi atriði taki mið af því sem hentar á hverjum stað. Forstöðumaður ráði hæfasta fólkið, myndi samheldið stjórnendateymi og beri þar af leiðandi skýra ábyrgð á rekstri stofnunarinnar en geti ekki skýlt sér bak við ákvarðanir annarra.

Jafnframt skal minnt á að það hefur verið markviss stefna ríkisins undanfarin ár að fækka þeim stofnunum sem eru með stjórnir yfir sér einmitt til að tryggja betur að ábyrgð og umboð á viðkomandi rekstri fari saman. Í þessu sambandi er m.a. bent á skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júní 2018, *Stjórnir stofnana ríkisins*, en þar segir m.a.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands var hnykkt á áformum að fækka stjórnnum stofnana en bent á að meta þyrfti í hverju tilviki fyrir sig hvort setja ætti á fót svonefnd ráðgjafarráð.“

Í tilfelli Þjóðgarðastofnunar er á hinn bóginn ekki aðeins um eina stjórn að ræða heldur margar, auk ráða og nefnda.

Hvað tæknimál varðar þá munu engin kerfi eða gagnagrunnar færast alfarið frá Umhverfisstofnun til Þjóðgarðastofnunar vegna þess hve samofnin þau eru fjölbættri starfsemi Umhverfisstofnunar. Þannig eru þau verkefni sem myndu færast til Þjóðgarðastofnunar nú einingar í samþattu kerfi Umhverfisstofnunar. Stærðarhagkvæmnin hefur gert Umhverfisstofnun kleift að búa til og/eða aðlaga kerfi og gagnagrunna að þörfum hennar, ekki síst fyrir mjög sérhæfð gagnaskil til erlendra aðila. Til dæmis hefur Umhverfisstofnun sinnt skilum og tryggt aðgengileika að CDDA og INSPIRE upplýsingum vegna þeirra svæða sem eru í hennar umsjón, sem og fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs og Þingvallahjóðgarðs. Fyrirsjáanlegt er að þessi þekking mun ekki flytjast til Þjóðgarðastofnunar þar sem Umhverfisstofnun mun áfram þurfa á henni að halda fyrir aðra starfsemi sína. Ný stofnun þyrfti því að byrja frá grunni á tæknilegu umhverfi sínu til að geta sinnt þeim skyldum sem færast til hennar, þar með talið rekstri landfræðiupplýsingagrunna. Sömuleiðis er öll formfesta og skjölun í góðu horfi hjá Umhverfisstofnun enda er hún með ISO 9001 vottun. Ferlar og áætlanagerð fylgja viðurkenndum gæðastöðlum og eru tekin út reglulega. Ný stofnun þyrfti á miklum gögnum að halda til að geta sinnt skyldum sínum vel, þ.m.t. sögulegum gögnum sem Umhverfisstofnun ber að varðveita sökum lagaskyldu um skjalavistun. Ljóst er að mikil og flókin vinna mun liggja í því að afrita þau rafrænu skjöl sem sérfræðingar Þjóðgarðastofnunar þyrftu á að halda. Því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir umtalsverðum kostnaði hjá Umhverfisstofnun við yfirfærslu gagna sem m.a. felur í sér uppskiptingu gagnasafna og tölvukerfa, að ótöldum pappírsgögnum sem þyrfti að afrita.

4. Mannauðsmál

Um leið og frumvarp til laga um stofnun Þjóðgarðastofnunar lá fyrir upphófst rót meðal tiltekinna starfsmanna Umhverfisstofnunar og á það eflaust einnig við um starfsfólk annarra stofnana sem málið varðar. Ákveðin hætta getur verið á að við slíka óvissu tapist verðmæt þekking sem er til staðar nú, þ.e. að fólk hugsar sér til hreyfings í stað þess að vita ekki hvar það lendir.

Í drögum að frumvarpi sem sett var í samráðsgátt var tiltekið að starfsmenn í miðlægrri þjónustu geti haft aðsetur á aðalskrifstofu eða einhverri af starfsstöðvum hennar. Í núverandi frumvarpi er ekkert kveðið á um hvar starfsmenn miðlægrar starfsemi eigi að vera. Ekki er ljóst hvar umræddar starfsstöðvar verða, að því undanskildu sem kveðið er á um í 34. gr. þar sem fjallað er um meginstarfsstöðvar þjóðgarða. Óvissa um staðsetningu starfsstöðva hinnar nýju stofnunar er afar slæm fyrir tilvonandi starfsmenn hennar. Í kafla 3.2. í greinargerð kemur fram að ekki sé nauðsynlegt að öll stoðþjónusta sé vistuð á einum stað þar sem hún getur verið staðsett innan staðbundinna rekstrareininga eftir því sem hentar.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að stoðþjónusta stofnunarinnar verði ekki veikt verði Þjóðgarðastofnun sett á laggirnar. Þeir starfsmenn sem sinna stoðþjónustu við þau verkefni sem myndu færast frá stofnuninni sinna jafnframt mjög mikilvægri stoðþjónustu við aðra starfsemi sem verður áfram á hennar ábyrgð.

5. Samræmi við náttúruverndarlög og sérlög

Frumvarpið miðar mikið að stjórnun þjóðgarða og lítil áhersla lögð á önnur friðlýst svæði enda halda ákvæði náttúruverndarlaga og sérlaga um verndun Mývatns og Laxár og Breiðafjarðar gildi sínu. Stofnunin telur jafnframt mikilvægt að huga nánar að rekstri annarra svæða en þjóðgarða en rekstur þeirra er í mörgum tilfellum ekki umfangsminna en rekstur þjóðgarða jafnframt sem þau taka við miklum fjölda gesta ár hvert.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að samræma enn frekar þær reglur sem gilda um friðlýst svæði áður en frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun/stofnun friðlýstra svæða verður samþykkt. Nauðsynlegt er að samræma ákvæði svo sem um stjórnunar- og verndaráætlanir, samninga við rekstraraðila á friðlýstum svæðum, ákvæði um leyfisveitingar til aksturs utan vega, aðrar leyfisveitingar, gjaldtöku og þvingunarúrræði.

6. Miðlæg starfsemi

Fram kemur í 24. gr. stjórnarfrumvarpsins að innan Þjóðgarðastofnunar skuli starfrækja miðlæga starfsemi sem heyrir undir forstjóra og veitir forstjóra, stjórnnum, Þingvallanefnd, umdæmisráðum, þjóðgarðsvörðum og öðru starfslíði stofnunarinnar faglega þjónustu, stuðning og aðstoð við undirbúning friðlýsinga, áætlanagerð, eftirfylgni og framkvæmd annarra verkefna sem kveðið er á um í frumvarpinu og öðrum lögum sem kveða á um verkefni Þjóðgarðastofnunar.

Í greinargerð með því stjórnarfrumvarpi sem nú er lagt fram, kemur fram í umfjöllun um 24. gr. að verði frumvarpið að veruleika sé þörf á öflugum stuðningi og sérhæfðri þekkingu og þjónustu sem veitt er miðlægt á sviði stjórnsýslu, fjármála og rekstrar, jafnframt því að byggð verði upp fagleg þekking á undirbúningi og skipulagi framkvæmda og verndaráætlana sem nýtast öllum einingum. Miðlæg starfsemi Þjóðgarðastofnunar hefur jafnframt þann tilgang að samræma og tryggja heildaryfirsýn og fylgja því eftir að unnið sé eftir samþykkttri stefnu og fyrirliggjandi áætlunum. Það samræmingarhlutverk kemur ekki fram í ákvæðinu sjálfu.

Í 27. gr. stjórnarfrumvarpsins kemur fram að stjórnir þjóðgarða og umdæmisráð vinni stjórnunar- og verndaráætlun í samvinnu við forstjóra Þjóðgarðastofnunar og að starfslíði miðlægrar starfsemi Þjóðgarðastofnunar skuli taka þátt í gerð hennar og veita þjónustu og faglega aðstoð við vinnu hennar.

Í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu er fjallað frekar um miðlæga starfsemi í kafla 3.2. Þar kemur fram að miðlæg starfsemi Þjóðgarðastofnunar hafi jafnframt þann tilgang að samræma og tryggja heildaryfirsýn og fylgja því eftir að unnið sé eftir samþykkttri stefnu og fyrirliggjandi áætlunum. Þá kemur einnig fram að stjórnsýsluhlutverk Þjóðgarðastofnunar sem felist í ábyrgð á framgangi og framfylgd fyrirliggjandi heildarstefnu starfseminnar sé kjarninn í miðlægrri starfsemi stofnunarinnar undir yfirumsjón og endanlega á ábyrgð forstjóra hennar. Þannig væri það hlutverk miðlægrar stjórnsýslu að tryggja eftirlit með framkvæmd stefnu, áætlana, laga og reglugerða, stuðla að samlegð og samræmi í starfseminni og hafa heildaryfirsýn yfir alla þætti er lúta að

meginárangursþáttum stofnunarinnar. Einnig kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að eðlilegt er að gera ráð fyrir að starfsemi sem nýtist þvert á staðbundna starfsemi sem vistuð er miðlægt og vísað til þess að starfsemin sé í raun fyrst og fremst þjónusta við þjóðgarðana og aðrar staðbundnar rekstrareiningar þar sem ekki er hagkvæmt að byggja hana upp á hverjum stað. Er því sem vísað er til sem stoðþjónusta skipt upp í tvo flokka, aðstoð við verkefni er lúta að innviðum og aðgengi að svæðum og hins vegar fagleg þjónusta við gerð verndaráætlana.

Varðandi umfjöllun um miðlæga starfsemi í framlögðu frumvarpi segir að miðlæg starfsemi skuli veita faglega þjónustu, stuðning og aðstoð við undirbúning friðlýsinga, áætlanagerð, eftirfylgni og framkvæmd annarra verkefna. Hjá Umhverfisstofnun hafa sérfræðingar með mismunandi menntun og bakgrunn sinnt stjórnslu friðlýstra svæða haft frumkvæði að umbótum í stjórnun svæða þ.e. umbótum í gæðastarfi. Starfsfólk stofnunarinnar býr yfir verðmætri fagþekkingu á sviðinu, bæði sem sérfræðingar í málefnum sem tengjast náttúruvernd á fjölbreyttan hátt og lögræðingar sem tryggja að ákvarðanir sem teknar eru séu í samræmi við stjórnslulög og löggjöf um náttúruvernd. Við beitingu stjórnsluvalds sem felur í sér að veita aðgang að helstu náttúruperlum Íslands er afar mikilvægt að gæta stjórnslureglna í hvívetna, sér í lagi við ákvarðanatöku. Ætla má að þeir sérfræðingar sem sinnt hafa stjórnslu friðlýstra svæða verði hluti af stoðþjónustu þjóðgarðastofnunar. Sérfræðingar Umhverfisstofnunar hafa hingað til verið hluti af teymi sem saman tekur ákvarðanir í samræmi við umboð sitt og eftir atvikum til samþykktar á afgreiðslufundum með aðkomu sviðstjóra eða forstjóra. Ljóst er að hlutverk þessara sérfræðinga breytist ef frumvarpið nær fram að ganga en samkvæmt því skulu þeir veita stjórnnum ráðgjöf en taki ekki ábyrgð á ákvörðunum.

Þessu til stuðnings bendir stofnunin á að veiting leyfa til athafna (framkvæmdir, mannvirkjagerð, kvikmyndataka o.s.frv.) er nú í höndum teymis friðlýsinga og áætlana hjá Umhverfisstofnun. Leyfisveitingar eru þó ávallt unnar í samstarfi við sérfræðinga á svæðunum sem vinna áhrifamat vegna leyfisumsókna. Þetta vinnulag hefur verið viðhaft hjá stofnuninni síðan árið 2017 og hefur gefist mjög vel. Annað dæmi er vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði, en teymi friðlýsinga og áætlana ber ábyrgð á gerð áætlana, sér um verkefnastjórn og utanumhald verkefnisins, með aðkomu sérfræðinga svæðanna sem hefa sérþekkingu á svæðinu og innsýn í þarfir þess.

Þetta fyrirkomulag að teymi friðlýsinga- og áætlana sem hefur umsjón með stjórnslu beri ábyrgð á verkefnum með aðkomu sérfræðinga á svæðunum hefur gefist mjög vel, aðferðafræði er orðin samræmd og yfirsýn yfir verkefni mun betri. Þá hefur verið lögð rík áhersla á og náðst mikill árangur í umbótastarfi. Hvað varðar leyfisveitingar telur Umhverfisstofnun að yfirfæra ætti núverandi kerfi þannig að miðlæg starfsemi beri ábyrgð á leyfisveitingu til einföldunar. Þannig fengju umsækjendur einn tengilið innan nýrrar stofnunar í stað þess að þurfa að halda utan um margar umsóknir og marga tengiliði á mismunandi svæðum.

Hvað varðar gerð stjórnunar- og verndaráætlana bendir Umhverfisstofnun á að með því að fela stjórnun og umdæmisráðum þjóðgarða að vinna stjórnunar- og verndaráætlun án þess að miðlæg starfsemi beri þar nokkra ábyrgð takmarki samræmingu á milli áætlana og að umbótastarf við gerð fyrrnefndra áætlana sé ekki jafn skilvirkt, verði það nokkuð.

7. Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins

Eftirfarandi eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

I. kafli – Almenn ákvæði

Um 1. gr.

Eðlilegt væri að forgangsákvæði gagnvart náttúruverndarlögum og sérlögum sé að finna í greininni.

II. kafli - Þjóðgarðar

Um. 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram hver markmiðin eru með stofnun þjóðgarðs. Meðal annars kemur fram að markmiðið sé að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningu og sögu þjóðgarðsins og að auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.

Bent er á að loðið og opið orðalag ákvæðisins er til þess fallið að vega að og veikja stöðu almennaréttarins. Þá eru engin dæmi tilgreind varðandi það í hvaða tilfellum fyrirvaranum „eftir því sem unnt er“ kann að vera að beitt.

Til samanburðar er hér vísað til markmiðsákvæða laga nr. 60/2013 þar sem leitast er við að styrkja almennaréttinn. Þannig eiga náttúruverndarlögin að stuðla að samskiptum manns og náttúru [...], auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins [...] og tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.

Náttúruverndarlögin taka jafnt til landsvæða í einkaeign og ríkiseign. Það myndi skjóta skökku við ef réttur fólks til farar um landið reyndist veikari þegar um er að ræða landsvæði sem eru (að mestu) í ríkiseigu.

III. kafli – Þjóðgarðastofnun

Um 12. gr.

Í 12. gr. er fjallað um umdæmisráð, m.a. hverjir skuli eiga þar sæti. Samkvæmt þeim verkferlum sem Umhverfisstofnun vinnur eftir í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og undirbúning nýrra friðlýsinga er alltaf gert ráð fyrir að samráð skuli haft við landeigendur. Friðlýsing getur haft áhrif á heimildir landeigenda og annarra rétthafa lands til nýtingar og framkvæmda á landi sínu. Umhverfisstofnun telur því skjóta skökku við að fulltrúi landeigenda skuli ekki eiga sæti í umdæmisráði.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að skipa stjórn yfir náttúruverndarsvæði þar sem m.a. eiga sæti fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi

náttúruverndarsvæði og fulltrúi umhverfisverndarsamtaka. Sé um að ræða náttúruverndarsvæði á eignarlandi telur Umhverfisstofnun að lögbundið skuli vera að fulltrúi landeigenda skuli sitja í stjórn svæðisins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bundið sé í lög að fulltrúar félagasamtaka sitji í ráðum og stjórnnum vegna náttúruverndarsvæða. Slíkt felur í sér lagalega kvöð fyrir félagasamtök enda má gera ráð fyrir að þeir fulltrúar félagasamtaka sem eiga sæti í ráðum og stjórnnum séu þar í sjálfboðavinnu. Ekki er fjallað um greiðslur til fulltrúa félagasamtaka í ráðum og stjórnnum. Vinna á þessum vettvangi getur verið mjög tímafrek, t.d. vegna vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana

Um 19. gr.

Í greininni er fjallað um ákvarðanatöku í stjórnnum og daglegan rekstur. Þar kemur fram að stjórnir þjóðgarða skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa viðkomandi stjórnar. Ekki kemur fram hvort reglur stjórnar hvers þjóðgarðs skuli vera samræmdar eða hvort að hver stjórn setji sér sínar reglur. Í ljósi þess að gera má ráð fyrir að tilgangur sameiningar náttúruverndarsvæða og þjóðgarða í eina stofnun sé m.a. samræming, er eðlilegt að gera þá kröfu að allir þjóðgarðar hafi samræmdar starfsreglur.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er fjallað um hlutverk stjórna þjóðgarða. Eitt þeirra er að hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn. Til að gæta samræmis í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði og þjóðgarða ætti starfsmaður frá Þjóðgarðastofnun að sitja í stjórn þjóðgarðs og vinna að áætluninni.

Samkvæmt framlögðu frumvarpi hafa stjórnir þjóðgarða víðtækt vald. Aðkoma forstjóra Þjóðgarðastofnunar að stjórn þjóðgarða er óskýr.

Um 24. gr.

Sjá kafla 6. hér að framan.

IV. kafli – Stjórnunar- og verndaráætlanir þjóðgarða

Í kaflanum er fjallað um stjórnunar- og verndaráætlanir þjóðgarða. Gert er ráð fyrir að náttúruverndarlög gildi um stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði. Umhverfisstofnun bendir á að réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarða eru ólík réttaráhrifum stjórnunar- og verndaráætlunum sem kveðið er á um fyrir friðlýst svæði í lögum um náttúruvernd. Þá eru réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlana þjóðgarðanna mismunandi. Áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er bindandi fyrir skipulagsáætlanir sveitarfélaga, í þjóðgarðinum á Þingvöllum er sveitarstjórn bundin af ákvæðum laga um þjóðgarðastofnun og reglugerða sem settar eru fyrir þjóðgarðinn, á meðan áætlanir annarra svæða skulu taka mið af skipulagi sveitarfélaga og sé misræmi á milli þá gilda áætlanir sveitarfélaga. Mismunandi réttaráhrif stjórnunar- og

verndaráætlana hafa oft á tíðum valdið misskilningi og lagt er til að réttaráhrif áætlana fyrir þjóðgarða og friðlýst svæði verði samþætt.

Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk umdæmisráða varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Meðal þeirra verkefna sem þarf að gera er að forgangsraða gerð áætlana, betri skilgreiningu á vinnulagi við gerð áætlana og samræmingu á milli þess sem nú er gert. Þá þarf að skilgreina aðkomu starfsfólks Þjóðgarðastofnunar og vísast þá fyrst og fremst til 6. kafla þessarar umsagnar um miðlæga starfsemi.

Nú er mismunandi verklag viðhaft við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og fyrir þjóðgarða. Umhverfisstofnun telur að meta skuli verkferla og aðferðir sem nú er stuðst við og að gert verði eitt sameiginlegt verklag til einföldunar.

V. kafli – Almennar meginreglur

Í kaflanum eru settar fram reglur um jarðrask, framkvæmdir, umferð o.fl. Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði um friðlýst svæði önnur en þjóðgarða eru mjög fjölbreytt hvað þetta varðar og mikilvægt að þau ákvæði séu samræmd eftir því sem við á.

Um 30.gr.

Í 30. gr. frumvarpsins kemur fram að setja skuli í reglugerð ákvæði um dvöl, umgengni og umferð í þjóðgördum, þannig á t.a.m. að fjalla um meðferð dróna í reglugerð, sem og umferð manna. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur verið að setja ákvæði um ómönnuð flygildi í stjórnunar- og verndaráætlunir enda hefur stofnunin heimildir til þess að setja bindandi reglur í stjórnunar- og verndaráætlunir. Umhverfisstofnun hefur sett reglu um að afla skuli leyfis stofnunarinnar til þess að fljúga ómönnuðu loftfari á fjölförnum friðlýstum svæðum og þar sem viðkvæmt fuglalíf er að finna. Stofnunin telur eðlilegt að í ákvæði um leyfisveitingar séu tiltekin öll þau atriði sem kalla á leyfisveitingu. Í 30. gr. frumvarpsins segir að afla skuli leyfis þjóðgarðsvarðar til landingar loftfars innan þjóðgarðs. Jafnframt að nánar skuli mælt fyrir um málsmeðferð og leyfisveitingar í reglugerð. Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti um allar leyfisveitingar í einu ákvæði.

VI. kafli – Starfsemi í þjóðgördum og þjónusta

Ákvæði kaflans fjalla aðeins um þjóðgarða, Umhverfisstofnun ítrekar að sambærileg lagaákvæði ættu einnig að gilda um friðlýst svæði.

Um 33. gr.

Í 33. gr. er fjallað um leyfisveitingar m.a. vegna kvikmyndatöku, samkomuhalds og rannsókna í þjóðgördum. Ekki er fjallað um leyfisveitingar vegna framkvæmda sem hafa í för með sér jarðrask en lagt er bann við spjöllum og raski í 29. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að allar framkvæmdir skuli samræmast verndarmarkmiðum og að heimilar séu framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði o.s.frv. Þannig er heimilt að ráðast í ákveðnar framkvæmdir að höfðu samráði við stjórn viðkomandi þjóðgarðs. Ekki er ljóst hvað umrætt samráð felur í sér. Umhverfisstofnun veitir á hverju ári mörg leyfi vegna jarðrasks innan friðlýstra svæða, m.a. vegna lagningu strengja, bygginga o.m.fl.

Stofnunin telur eðlilegt að jarðrask verði háð leyfi Þjóðgarðastofnunar líkt og kvikmyndataka og rannsóknir.

Í 33. gr. þyrfti einnig að fjalla um skilyrði leyfisveitinga. Í greininni er kveðið á um að ákvörðun Þjóðgarðastofnunar um lokun skuli birt í Stjórnartíðindum og á annan opinberan hátt í fréttamiðlum og á vefsíðu þjóðgarðs. Umhverfisstofnun telur að framangreint ákvæði sé óraunhæft og ekki í takt við nútímann þar sem nú er t.d. heimilt að birta starfsleyfi fyrir starfsemi sem haft getur í för með sér mengun á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknir um leyfi eru oft unnar á mjög skömmum tíma og því ekki raunhæft að það náist að birta slík leyfi í Stjórnartíðindum. Einnig er tilgangur þess að birta leyfi þar sem kemur til lokunar í Stjórnartíðindum ekki ljós og ekki skýrt hvaða réttaráhrif slíkt hefur umfram útgáfu leyfisins, birtingu á heimasíðu stofnunar og viðkomandi svæðis.

Um 34. gr.

Í greininni er aðeins fjallað um starfsstöðvar og þjónustustöðvar þjóðgarða en ekki aðrar starfsstöðvar Þjóðgarðastofnunar, þó að heiti frumvarpsins vísi til þess að það skuli fjalla um stofnunina sjálfa. Bent er á að Umhverfisstofnun heldur úti fjölda starfsstöðva og gestastofa víða um land. Í frumvarpinu er hvergi getið slíkrar starfsemi fyrir friðlýst svæði.

Í frumvarpinu kemur hvorki fram hvar á landinu aðalskrifstofa stofnunarinnar skal staðsett, né heldur hvar aðrar starfsstöðvar verði.

VII kafli – Eftirlit og og úrskurðir

Um 35. gr.

Um eftirlit og lokanir svæða vegna ágangs er einnig fjallað um í náttúruverndarlögum og réttast væri að uppfæra þau ákvæði þar, hvað varðar framkvæmdir og frávisun frá svæðum, fremur en að hafa það í öðrum lögum.

Þar sem fjallað er um eftirlit í 36. gr. á það aðeins við um heimildir þjóðgarðsvarðar til að framfylgja reglum þjóðgarða. Setja þarf heimildir fyrir landverði friðlýstra svæða og aðra starfsmenn Þjóðgarðastofnunar til hins sama. Breyta þarf orðalagi þannig að valdheimildin nái til allra þeirra starfsmanna stofnunarinnar sem fara með sömu verkefni óháð því hvort um sé að ræða þjóðgarð eða friðlýst svæði.

Í greininni er veitt heimild, ef brýna nauðsyn ber til og í samráði við önnur yfirvöld, að ráðast í framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í stjórnunar- og verndaráætlun. Sett er skilyrði um að framkvæmdir séu í öryggisskyni eða vegna rannsókna sem nauðsynlegar eru til að tryggja almennt öryggi. Það að binda ákvæðið við framkvæmdir í öryggisskyni eða vegna rannsókna er heftandi, t.d. berist viðbótarfjármagn til framkvæmda sem eru þjóðgarði, eða viðkomandi svæði, svo sannarlega til góða.

VIII. kafli – Þvingunarúrræði og viðurlög

Í frumvarpinu er ekki fjallað um meðferð elds sérstaklega. Er á það bent að í lögum um náttúruvernd fellur óheimil meðferð elds (1. mgr. 28. gr. nvl.) undir refsíákvæði laganna sbr. b. liður 1. mgr. 90. gr. nvl.

IX. kafli – Ýmis ákvæði

Um 41. gr.

Leiðrétta þarf tilvísanir til ákvæða:

1. mgr. 41. gr.

Í 10. tl. um málsmeðferð og leyfisveitingar er vísað til 5. mgr. 31. gr. og 34. gr. Ekki kemur fram til hvaða laga er vísað en frumvarpið inniheldur ekki 5. mgr. 31. gr. og í 34. gr. er fjallað um meginstarfsstöðvar og þjónustustöðvar.

Í 12. tl. um staðsetning meginstarfsstöðva þjóðgarða er vísað til 35. gr. sem fjallar um eftirlit.

Í 13. tl. um gjaldtöku er vísað til 43. gr. sem fjallar um gildistöku.

2. mgr. 41. gr.

Í 3. tl. um réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar þá er vísað til 29. gr um bann við spjöllum og raski.

Um 42. gr.


Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. er heimilt að ákveða gjald vegna leyfisveitinga fyrir viðburði eða einstök verkefni innan marka þjóðgarðsins. Útfæra mætti þetta ákvæði nánar þannig að heimilt sé að innheimta gjöld vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi. Í ákvæðinu eins og það stendur nú virðist aðeins vera horft til þess að umsókn sé samþykkt, en einnig verður að gera ráð fyrir þeirri vinnu starfsmanna sem fer í úrvinnslu og afgreiðslu umsókna sem synjað er.

Umfjöllun í 3. mgr. 42. gr. um að ef nauðsynlegt er að takmarka fjölda aðila sem stunda tiltekna atvinnutengda starfsemi í þjóðgarði þá skuli heimilt að ákveða að fram fari opinbert og hlutlægt val á milli allra hæfra umsækjanda um starfsemina og að fjárhæð endurgjalds ráði úrslitum við ákvörðun um veitingu samnings, á betur heima undir VI. kafla um starfsemi í þjóðgördum og þjónustu, þar sem nánar mætti kveða á um þetta.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir
fórstjóri



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri